

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar og tengiliðir þeirra

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, hefur ákveðið í samræmi við tillögu ríkisstjórnar Íslands, að verja um 2.400 milljónum króna úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að standa straum af átaksverkefni um að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn í sumar. Vinnumálastofnun mun stýra áttakinu sem efnt er til í samvinnu við stofnanir ríkisins, félagasamtök og sveitarfélög. Vonir standa til að með áttakinu verði til allt að 2.500 tímabundin störf í allt að 2,5 mánuði í sumar fyrir námsmenn sem skiptast á milli opinberra stofnana, sveitarfélaga og félagasamtaka.

Við það er miðað að námsmenn verði ráðnir samkvæmt gildandi kjarasamningum á viðkomandi sviði. Hverjum námsmanni, sem ráðinn er í gegnum þetta úrræði, fylgi styrkur sem nemur fullum dagvinnulaunum skv. viðkomandi kjarasamningi, þó að hámarki 472.835 þúsund krónur auk framlags í lífeyrissjóð (+11,5 % framlags í lífeyrissjóð) fyrir hvert starf, samtals 527.211 kr. fyrir hvern mánuð og miðast þessi upphæð við fullt starf.

Vinnumálastofnun hvetur sveitarfélög til að hefja undirbúning þessa átaks og móta störf og verkefni sem fallið geta að því.

Breyting er nú á úthlutunarferli sumarstarfanna. Í ár var ákveðið að úthluta sumarstörfunum með hliðsjón af fjölda á vinnumarkaði í hverju sveitarfélagi fyrir sig annarsvegar og hins vegar er tekið tillit til atvinnuleysis umfram landsmeðaltals þar sem komið er til móts við þau sveitarfélög þar sem atvinnuástandið er mjög erfitt.

## Forsendur og skilyrði:

Hér eru helstu forsendur og skilyrði fyrir þátttöku í þessu átaksverkefni sem nauðsynlegt er að hafa til hliðsjónar:

1. Sveitarfélög þurfa að skapa ný störf í tengslum við sumarátakstörf. Hefðbundin sumarafleysingarstörf eiga hér ekki við.
2. Námsmenn þurfa að vera skráðir í nám að hausti 2021 eða verið skráðir í nám á vorönn 2021.
3. Ráðningartími námsmanna er að hámarki **tveir og hálfur mánuður**. Miðað er við tímabilið frá **15.maí – 15. September**
4. Námsmenn þurfa að vera 18 ára (á árinu) eða eldri.
5. Laun skulu aldrei vera lægri en gildandi kjarasamningar segja til um vegna viðkomandi starfs.
6. Ráðningarstyrkurinn nemur í mesta lagi 472.835 þúsund krónur auk framlags í lífeyrissjóð. Styrkur getur þó aldrei numið hærri upphæð en laun starfsmanns.
7. Um ráðningar vegna þessa verkefnis **gilda sömu reglur og gilda almennt um ráðningar starfsmanna sveitarfélaga**.
8. Áréttá skal að sveitarfélag gæti að jafnræði milli kynja við ráðningar í þessi störf.
9. Heimilt er að ráða í hlutastarf, en úthlutun verður í fjölda fullstarfandi.
10. Svára þarf **öllum** umsækjendum sem sækja um starf.

## Ferli:

1. Viðkomandi sveitarfélag fær hér sendar upplýsingar fjölda ráðningarheimilda.
2. Auglýsa skal þessi störf á vefsíðu viðkomandi sveitarfélags og skal umsóknarfrestur að lágmarki vera tíu dagar frá birtingu auglýsingar.
3. Viðkomandi sveitarfélag lætur VMST vita í gegnum hlekk(sjá hér að neðan) ef þau óska aðeins að nýta hluta af ráðningarheimildunum eða ef óskað er eftir fleiri ráðningarheimildum.
4. Uppgjör við Vinnumálastofnun vegna þeirra starfa sem þátttakendur í verkefninu ráða í, fer fram í lok sumars. Nánari fyrirmæli um það verða send út síðar.

## Ráðningarheimildir:

Hér að neðan er uppgafið hvað þitt sveitarfélag fékk úthlutað mörgum ráðningarheimildum.

### Sveitarfélag:

### SKEIÐA- OG GNÚPSVERJAHREPPUR

### Fjöldi starfa styrkt af VMST:

**2**

Ef sveitarfélag óskar eftir fleiri ráðningarheimildum að þá er hægt að skrá það í eftifarandi hlekk hér að neðan fyrir 15. maí.

[Ósk um fleiri ráðningarheimildir](#)

Vinnumálastofnun mun úthluta til sveitarfélaga auka ráðningarheimildum ef þær verða til staðar.

Ef sveitarfélag er með ónýttar ráðningarheimildir að þá vinsamlegast skráið þær með því að smella á neðangreindan hlekk

[Ónýttar ráðningarheimildir](#)

Verkefnastjóri verkefnisins hjá Vinnumálastofnun er **Margrét Lind Ólafsdóttir**,

netfang: [margret.olafsdottir@vmst.is](mailto:margret.olafsdottir@vmst.is)

Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið: [sumarstorf@vmst.is](mailto:sumarstorf@vmst.is)

**Með góðri samstarfskveðju,  
Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar**